

Brjef landshöfðingja til ýmsra lögreglustjóra um að senda skrár yfir blöð og bæklinga undir 6 örkum. — Að gefnu tilefni frá stjórn landsbókasafnsins 25. júní. 97 skal jeg hjer með þjónustusamlega leggja fyrir yður, (tit.) að senda mjer við hver árslok skrár yfir blöð og bæklinga, er prentaðir hafa verið á árinu innan lögreglu-umdæmis yðar, og sem senda ber yður samkvæmt 4. gr. laga 9. maí 1855.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu um lán til búnaðarskólans á Hvanneyri. (Ágrip). — Með brjefi þessu samþykkti lands- 98 höfðingi, að amtsráð Suðuramtsins tæki 3000 kr. lán til þess að stækka og umbæta skólahús búnaðarskólans á Hvanneyri, þannig að til tryggingar fyrir þessu láni væri eptir þörfum veðsett veðskuldaþrjef búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins. 9. júlí.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Norðuramtinu og Austuramtinu um að eigi verði afplánuð sekt eptir sátt um ósaknæman hiut. — Út af þóknanlegu 24. júlí. 99 brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 3. þ. m. og þar með fylgjandi bænarskrá, er þjer hafid lagt með, frá Jóhannesi Vilhjálsyni vinnumanni á Grímstöðum, um eptirgjöf á 80 kr. sekt, er hann fyrir sáttanefnd hefir skuldbundið sig til að greiða til Skinnastaðahrepps fyrir að hafa riptað vistarráðum við Halldór prófast Bjarnarson á Presthólum, en sem hann getur ekki greitt, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að með því að engin sekt liggur við því eptir lögunum, þótt hjú fari úr vist, þá hefir hegningarvaldið enga heimild til að láta afplána sekt fyrir slíkt, og þarf því í þessu tilfelli ekki á neinni sektaruppgjöf að halda.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans í Reykjavík um hafnargjaldsgreiðslu af skipum, sem áður hafa leitað hafnar sökum sjóskemmda. — Með þóknanlegu 24. júlí. 100 brjefi, dags. 30. f. m., hafid þjer, herra bæjarfógeti, sent eptirrit af úrskurði á hafnarsjóðsreikning Reykjavíkur 1891 við 3. gr., stafl. C., og ýms þar að lútandi skjöl, en með úrskurði þessum er ákveðið, að reikningshaldari skuli greiða 3 kr. 75 a. fyrir vanheimt hafnargjald af skipinu »Deux frères«, sem kom hjer tvisvar sumarið 1891, fyrst sökum sjóskemmda og í annað sinn án slíkrar ástæðu, en í hvorugt skiptið var krafid hafnargjalds, og haldið þjer því fram, að hafnarreglugjörðin 6. desbr. 1884 hafi ávallt að undanfögnu verið skilin svo, að ekki sje heimilt að krefja hafnargjalds af skipi, er það kemur inn á höfnina 2 sinnum á sama árinu, án þess að hafa farið til útlanda síðan það hafnaði sig í tyrra skiptið, jafnvel þótt það þá hafi verið undanþegið hafnargjaldi sakir sjóskemmda; farið þjer því fram á, að jeg breyti úrskurði amtsins þannig, að hin úrskurðaða ábyrgð verði, að minnsta kosti í þetta sinn, látin niður falla.

Út af þessu skal yður hjer með tjáð, að með því að það virðist vafa-

31. dag októbermán. 1894.

100 laust, að ákvæði reglugjörðarinnar um að skip, sem leita hafnar sökum sjó-
24. júlí. skemmda, skuli undanþegin hafnargjaldi, geti ekki veitt skipum þessum undan-
þágu frá hinu almenna boði í reglugjörðarinnar I. kafla 1, að af þeim beri að
greiða gjaldið, þegar þau í fyrsta skipti eptir komu frá útlöndum eða í
fyrsta skipti á árinu leita inn á höfnina, án þess nefnt skilyrði sje fyrir hendi,
þá verð jeg að vera amtmanninum samdóma um, að fullt gjald hafi átt að
greiða af skipinu »Deux frères« þegar það kom í júnímán. 1891. Gjaldið, 3,75
kr. er því rjettilega talið til ábyrgðar, og sje jeg ekki ástæðu til að breyta úr-
skurðinum að neinu leyti, nje heimild til að samþykkja, að ábyrgð falli niður
í þetta sinn.

101 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um
31. júlí. bókun á aukatekjum, er sýslumönnum bera. — Út af þóknanlegu brjefi yðar,
herra sýslumaður, dags. 4. þ. m. viðvíkjandi því, hvort ekki beri að halda sjer-
staka bók yfir aukatekjur þær, ferðakostnað m. m., sem sýslumönnum ber
samkvæmt lögum Nr. 2 frá 2. febr. þ. á., skal yður hjer með þjónustusamlega
tjáð, að tjeðar tekjur má færa inn í dálk þann í aukatekjubókinni, sem í reglu-
gjörð um innheimtu og reikningsskil á aukatekjum 25. maí 1878 er ætlaður
fyrir gjöld þau, sem embættismönnum bera samkvæmt lögum 14. desbr. 1877
2. gr. o. s. frv., og verður fyrirsögn dálksins þá: Gjöld samkvæmt lögum nr.
2, 2. febr. 1894.

102 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suðuramtinu og Vesturamtinu um
11. sept. flutning á þingstað. (Ágrip). — Með brjefi þessu var leyft að flytja þingstað
Flateyjarhrepps úr Svefneyjum til Flateyjar, með því skilyrði, að hreppsnefndin
sjái um, að jafnan sje til sæmilegt hús til þinghaldanna á hinum nýja þing-
stað.

103 Brjef landshöfðingja til biskups um flutning kirkju. (Ágrip). — Með brjefi
11. sept. þessu var samkvæmt lögum nr. 3, 27. febr. 1880, 4. gr., sbr. lög nr. 5. s. d.
12. gr., samþykkt, að Garðakirkja á Akranesi væri lögð niður og flutt niður á
Skipaskaga, og endurreist þar á Bjargslóð á svæði því, er þar hefur verið
gefið til kirkjubýggingarinnar.

104 Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um
12. sept. ráðstafanir til þess, að lög um bæjarstjórn á Seyðisfirði 8. maí þ. á. geti gengið í
gildi. — Samkvæmt 32. laga um bæjarstjórn á Seyðisfirði 8. maí þ. á. er hjer
með skipað fyrir svo sem nú skal greina:

1. Hreppsnefndinni í Innahreppi (sbr. lhbr. 23. nóv. 1893, Stjórnart.
1893 B bls. 210) ber að semja kjörskrá yfir alla þá kjósendur þess sveitar-